

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

04 501

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

kt. 580607-0710

Árleyni 2-8, 112 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Nýsköpunarmiðstöð hefur allt frá stofnun 2007 hvatt til nýsköpunar og stutt við framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Það hefur miðstöðin gert með virkri þátttöku í rannsóknaverkefnum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð hefur litið svo á að nýsköpun sé forsenda fyrir fjölbreyttu atvinnulífi og lykilatriði í samkeppnishæfni fyrirtækja og landsins í heild. Nýsköpunarmiðstöð heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og hefur starfað samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir.

Í lögum nr. 25/2021 kemur fram að lög nr. 75/2007 munu falla úr gildi 01.07.2021 og þar með verði Nýsköpunarmiðstöð lögð niður. Í sömu lögum kemur fram að stofnað verður einkahlutafélag, Tæknisetur ehf. sem verður 100% í eigu ríkisins. Tæknisetur mun taka við verkefnum sem deildin, Efnis- líf- og orkutækni hefur sinnt og enn fremur verkefni sem deildin Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur haft með höndum. Verkefni deildarinnar Efnagreiningar hefur verið flutt til Hafrannsóknastofnunar. Einnig hafa verkefni Evrópumiðstöðvar verið flutt til Rannís, nýsköpun í skólum og frumkvöðlamenn verið flutt til Menntavísindasvið HÍ, verkefni á sviði nýsköpunar í opinberum innkaupum voru flutt til Ríkiskaupa og verkefni tengd Fab Lab hafa verið flutt til Þróunarseturs Vestmannaeyja. Mörgum verkefnum sem Nýsköpunarmiðstöð hafði með höndum verður þó hætt. Eignir stofnunarinnar verða færðar til Hafrannsóknastofnunar og einnig til Tækniseturs.

Frá 1. júlí 2021 og fram í október verður unnið að frágangi allra mála ásamt uppgjöri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Í kjölfar þess um atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið taka yfir málefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem ólokið kann að vera.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.291,3 milljónir og afkoma kr. 32,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 41,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 399,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Sigríður Ingvarsdóttir,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	658.100.000	697.700.000
Seld þjónusta	3	286.473.805	224.248.120
Framlög og ýmsar tekjur	4	332.474.179	397.777.647
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	14.240.897	12.256.374
Tekjur samtals		1.291.288.881	1.331.982.141
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	958.566.342	885.339.757
Framlög og tilfærslur	6	33.776.230	40.281.228
Annar rekstrarkostnaður	7	267.687.008	369.386.312
Afskriftir	8	14.240.897	12.256.374
Gjöld samtals		1.274.270.477	1.307.263.671
Afkoma fyrir fjármagnsliði		17.018.404	24.718.470
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		14.701.713	454.162
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(215.185)	(395.453)
		14.486.528	58.709
Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur		31.504.932	24.777.179
Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga		955.972	(1.528.142)
Afkoma ársins		32.460.904	23.249.037
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	5.337.134	2.730.265
Rekstrartilfærslur		27.123.770	20.518.772
		32.460.904	23.249.037

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		71.256.843	85.024.878
		<u>71.256.843</u>	<u>85.024.878</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	16.744.508	18.264.978
		<u>16.744.508</u>	<u>18.264.978</u>
		<u>88.001.351</u>	<u>103.289.856</u>
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	82.289.537	88.266.041
Tengdir aðilar	12	31.653.105	69.567.430
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		58.482.923	74.725.247
Handbært fé	13	139.359.207	199.514.565
		<u>311.784.772</u>	<u>432.073.283</u>
Veltufjármunir samtals			
Eignir samtals		<u>399.786.123</u>	<u>535.363.139</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	14		
Hrein eign		41.463.210	(25.998.322)
Eigið fé samtals		<u>41.463.210</u>	<u>(25.998.322)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	125.604.405	333.127.678
Viðskiptaskuldir		13.736.080	15.391.487
Ýmsar skammtímaskuldir	15	128.126.209	124.645.180
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	16	90.856.219	88.197.116
		<u>358.322.913</u>	<u>561.361.461</u>
Skuldir samtals			
Eigið fé og skuldir samtals		<u>399.786.123</u>	<u>535.363.139</u>
Aðrar upplýsingar	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		32.460.904	23.249.037
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	14.240.897	12.256.374
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(14.240.897)	(12.256.374)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага		(955.972)	1.528.142
Sölutap		2.121.531	0
		<u>33.626.463</u>	<u>24.777.179</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		22.218.828	73.732.992
Tengdir aðilar		(117.826.271)	(31.310.146)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.825.622	(41.434.970)
		<u>(93.781.821)</u>	<u>987.876</u>
		<u>(60.155.358)</u>	<u>25.765.055</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð eignarhluta		0	(856.761)
Söluverð eignarhluta		354.911	294.762
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(472.862)	(31.549.762)
		<u>(117.951)</u>	<u>(32.111.761)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		117.951	13.889.761
Gjafaframlög til fjárfestinga		0	18.222.000
		<u>117.951</u>	<u>32.111.761</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(60.155.358)	25.765.055
		<u>199.514.565</u>	<u>173.749.510</u>
		<u>139.359.207</u>	<u>199.514.565</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við gerð reikningsskilanna.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	658.100.000	697.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	14.240.897	12.256.374
	<u>672.340.897</u>	<u>709.956.374</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	627.000.000	60.900.000	0	687.900.000
Fjáraukalög	(4.400.000)	0	0	(4.400.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða	(25.400.000)	0	0	(25.400.000)
Fjárveiting til tekna	597.200.000	60.900.000	0	658.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(591.862.866)	(33.776.230)	0	(625.639.096)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	5.337.134	27.123.770	0	32.460.904

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	165.950.553	159.280.102
Verksala	104.141.810	41.760.082
Vörusala	13.618.333	6.674.610
Ýmsar þjónustutekjur	1.872.109	1.309.191
Fræðslustarfsemi og fundir	891.000	15.224.135
	<u>286.473.805</u>	<u>224.248.120</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	34.650.885	32.399.954
Kostnaðarhlutdeild	0	392.165
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	74.370.269	98.452.445
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	189.977.721	219.494.617
Ýmsar tekjur	33.475.304	47.038.466
	<u>332.474.179</u>	<u>397.777.647</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	784.735.453	736.568.466
Orlof, breyting	(7.245.283)	(19.943.654)
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	2.516.994	0
Launatengd gjöld	176.747.957	167.184.032
Starfsmannakostnaður	1.811.221	1.530.913
	<u>958.566.342</u>	<u>885.339.757</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	77,3	75,4
------------------------------	------	------

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	6.979.360	7.055.256
Rekstrartilfærslur aðrir	26.796.870	33.225.972
	<u>33.776.230</u>	<u>40.281.228</u>

Skýringar

	2020	2019
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	3.524.171	5.870.800
Byggingarvörur, almennar	561.904	2.481.240
Tæki og búnaður til innréttinga	0	975.413
Ýmis tæki og áhöld	7.572.559	12.603.922
Varahlutir og viðhaldsvörur	8.079.167	10.779.415
Orkugjafar	15.707.526	14.899.477
Matvæli	10.823.359	11.448.761
Almennar rekstrarvörur	7.105.312	6.951.021
Vörukaup, almenn	53.373.998	66.010.049
Rannsóknarstofuefni	13.737.994	14.958.479
Ýmsar sérgreindar vörur	1.043.189	419.584
Vörukaup, sérgreind	14.781.183	15.378.063
Fundir, námskeið, risna	11.580.509	17.015.558
Ferðir, uppihald	7.211.739	32.757.781
Akstur	6.960.895	11.294.064
Sérfræðiþjónusta	44.350.435	42.242.889
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	391.030	539.109
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	4.096.925	5.836.822
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.738.105	6.658.669
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	80.329.638	116.344.892
Afnotagjöld	27.038.654	22.998.113
Leigugjöld	13.209.731	16.808.944
Notkun véla og flutningatækja	6.127.504	4.482.398
Verkkaup	42.353.370	89.613.124
Kostnaðarhlutdeild	957.201	1.449.018
Tryggingar, lögboðnar	1.337.098	1.275.031
Opinber gjöld	21.806.758	21.477.204
Tapaðar kröfur	6.371.873	13.549.476
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	119.202.189	171.653.308
Annar rekstrarkostnaður samtals	267.687.008	369.386.312
	2020	2019
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	14.240.897	12.256.374
	14.240.897	12.256.374

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	71.256.843	85.024.878
	<u>71.256.843</u>	<u>85.024.878</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020	136.542.624
Viðbætur á árinu	472.862
	<u>137.015.486</u>
Afskriftir 1.1.2020	51.517.746
Afskrift ársins	14.240.897
	<u>65.758.643</u>
Staða 31.12.2020	<u>71.256.843</u>

10 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð 31/12 2020	Bókfært verð 31/12 2019
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>				
Hkjarni ehf. *)	23,33%	700.000	111.962	133.194
Framtíðarsetur Ísland ehf. *)	0	0	0	390.609
Málmis ehf. *)	49,20%	768.750	0	0
Mýsköpun*)	0	0	0	152.215
Rannsókn- og háskólanet Ísl hf	0,74%	400.000	395.397	400.000
Auðna tæknitorg	5,20%	28.600	1.010.193	0
Optitog ehf. *)	0	0	0	352.940
			<u>1.517.552</u>	<u>1.428.958</u>

*) Matsverð er miðað við ársreikninga 2019 þar sem ársreikningar 2020 hafa ekki verið birtir.

Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):

Calfalarm ehf.	5,00%	25.000	25.000	25.000
Fjárfestingafélagið Landsv. ehf	18,00%	100.000	110.000	110.000
Gerosion ehf.	12,25%	75.002	0	75.002
Íslenska lífmassafélagið hf	11,60%	1.500.000	0	1.500.000
Línudans ehf	2,10%	15.000	0	0
Íslensk NýOrka	1,42%	1.546.325	999.555	999.555
ORF Líftækni hf.	0,78%	1.786.160	1.786.160	1.786.160
SER eignarhaldsfélag ehf.	11,64%	12.280.303	12.280.200	12.280.303
Vesturorka-WesTide ehf	12,00%	60.000	0	60.000
Atmonía	4,86%	26.041	26.041	0
Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses.	3,90%	300.000	0	0
Austurbrú ses.	2,94%	50.000	0	0
			<u>15.226.956</u>	<u>16.836.020</u>
			<u>16.744.508</u>	<u>18.264.978</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
11 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	103.229.571	107.663.652
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(20.940.034)	(19.397.611)
	<u>82.289.537</u>	<u>88.266.041</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	76.114.979	79.919.018
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	6.174.558	8.347.023
	<u>82.289.537</u>	<u>88.266.041</u>

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	31.653.105	69.567.430
	<u>31.653.105</u>	<u>69.567.430</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	116.697.333	327.400.977
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	8.907.072	5.726.701
	<u>125.604.405</u>	<u>333.127.678</u>

13 Handbært fé

Tékkareikningar	127.262.790	131.109.674
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	12.096.417	68.404.891
	<u>139.359.207</u>	<u>199.514.565</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 675,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(25.998.322)	(49.247.359)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	35.000.628	0
Afkoma ársins	32.460.904	23.249.037
Jöfnuður 31.12.	<u>41.463.210</u>	<u>(25.998.322)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
15 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	108.044.705	115.289.988
Ógreidd laun	2.516.994	4.338.429
Önnur ógreidd gjöld	2.500.000	0
Skattar	15.064.510	5.016.763
	<u>128.126.209</u>	<u>124.645.180</u>

16 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfiárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	71.256.843	85.024.878
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	19.599.376	3.172.238
	<u>90.856.219</u>	<u>88.197.116</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	85.024.878	3.172.238	88.197.116
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	16.900.000	16.900.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	472.862	(472.862)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(14.240.897)</u>	<u>0</u>	<u>(14.240.897)</u>
	<u>71.256.843</u>	<u>19.599.376</u>	<u>90.856.219</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 13,6 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

17 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, en árlegar greiðslur vegna þessa nema kr. 10,1 milljónir. Í ljósi frumvarps sem lá fyrir um áramótin, hefur samningum um húsaleigu verið sagt upp að hluta, uppsögn samninga taka gildi í apríl og maí 2021 sem nemur ca. 4,5 milljónum. Einnig hefur stofnunin gert ótímabundna þjónustusamninga um rekstrarliði og nema árlegar greiðslur kr. 20,6 milljónum. Þessir samningar eru einnig í skoðun og uppsagnarferli.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Alþingi samþykkti að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð Íslands í apríl 2021.